

Formleg viðræðunefnd um sameiningu sveitarfélaga

1. formlegi fundur í viðræðunefnd um sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, Þórshöfn föstudaginn 17. desember 2021 kl. 12.30

Mætt voru: Frá Langanesbyggð Miriam Blekkenhorst, Þorsteinn Ægir Egilsson og Siggeir Stefánsson sveitarstjórnarmenn.

Frá Svalbarðshreppi: Sigurður Þór Guðmundsson, Ragnar Skúlason og Einar Guðmundur Þorláksson hreppsnefndarmenn.

Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Verkaskipting nefndarinnar.
2. Tímalína viðræðna og aðrar tengdar ákvarðanir.
3. Næsti fundur.
4. Önnur mál.

Fundargerð

1. Verkaskipting nefndarinnar.

Tillaga: Langt til að oddviti Langanesbyggðar verði formaður nefndarinnar og Sigurður Þór Guðmundsson oddviti Svalbarðshrepps verði varaformaður.

Samþykkt samhljóða.

2. Tímalína viðræðna og aðrar tengdar ákvarðanir.

Lagt fram álit Björns Inga lögfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 17. desember 2021 um hvort hægt væri að stytta sameiningarferli, sveitarfélaga sbr. tölvupósts frá Guðjóni Bragasyni vegna fyrirspurnar sveitarstjóra Langanesbyggðar 14. desember 2021.

- a) Ráðning ráðgjafa.
- b) Tímalína ferils og viðræðna, fyrirkomulag og efnisatriði.
- c) Áhersluverkefni rædd.

a.1) Formanni, varaformanni og sveitarstjóra falið að ræða við RR ráðgjöf um að vinna fyrir nefndina.

Samþykkt samhljóða.

b.1) Markmið nefndarinnar er að kosið verði 2. apríl um sameiningu og starfsáætlun nefndarinnar taki við af því.

Samþykkt samhljóða.

3. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðin síðar.

4. Önnur mál

Hvatt til að fundarmenn skoði heimasíður sem fjalla um sameiningar; thingeyingur.is, hunvetningur.is og sunnlendingur.is

Fundi slitið kl. 14:50.